

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Skagafirði.

1. gr.

Skagafjörður innheimtir gjald fyrir fráveitu og tæmingu rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla í samþykkt nr. 249/2005 um fráveitur í Skagafirði.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

Fráveitugjald fyrir íbúðarhúsnæði skal nema 0,186% af álagningarstofni, fyrir önnur mannvirki skal fráveitugjald nema 0,275% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Gjald fyrir tæmingu rotþróa skal vera eftirfarandi:

	<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Tæmingargjald, kr.</i>
Rotþró	0-2.000	39.000
Rotþró	2.001-4.000	46.000
Rotþró	4.001-6.000	51.000

Innheimta skal tæmingargjald eftir að tæming hefur farið fram.

Gjald fyrir sérstaka þjónustu:

Tæmingargjald fyrir rotþró sem er stærri en 6.000 l skal vera 6.080 kr./m³ fyrir hverja losun.

Fjárhæð tæmingargjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 m, en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega 6.200 kr. á hverja losun. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða fullt tæmingargjald auk aukagjalds sem nemur 50% af tæmingargjaldi. Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Skagafjarðar 19. nóvember 2025 og staðfestist hér með, samkvæmt lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, einkum 15. gr. og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1503/2024 Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 9. desember 2025.

Sigfús Ingi Sigfússon sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 23. desember 2025